

HM í farsímakasti:

## Heims- metið hélt

**FINNLAND** Á heimsmeistaramótinu í farsímakasti, sem haldið var í Savonlinna í suðausturluta Finnlands á dögnum, var heimamaðurinn Samu Santala krýndur heimsmeistari. Hann kastaði 66,62 metra og var aðeins tíu sentimetrum frá ársögmlu heimsmeti Petri Valta sem kastaði Nokia 5510 síma sínum 66,72 metra á HM í fyrra. Á tímabili leit út fyrir að Janne Mielikäinen, sem varð í öðru sæti í fyrra, næði að sigra með kasti upp á 61,19 metra, en Santala hafði sigur með lokakasti sínu. Í flokki barna tólf ára og yngri sigraði Paavo Hirv-



**FARSÍMAKAST**  
Peir hafa væntanlega ekki kastað Sagem-síma, Finnarnir.

onen með 46,83 metra löngu kasti. Markmið mótsins er að veita fólki útrás fyrir spennu sem símarnir valda, en þessi íþróttagrein hefur enn ekki náð fótfestu hér á landi svo vitað sé. ■

## Skrýtna fréttin

# GSM-símar notaðir í símfóníuverk

Hingað til hefur það verið nær hlífisnaudsynlegt að slökkva á GSM-símanum fyrir símfóníutónleika. Þetta gæti verið að breytast. Nú hefur þýskt tónskáld ákveðið að nýta sér hringingar GSM-síma sem hluta af símfóníu sínum.

Bernd Kremling, sem stjórnar Drumming Hands orchestra í Würzburg, notaði á dögnum hringitóna með stefnum Bach, Mozart og laginu „Old McDonald Had a Farm“.

„Þetta eru allt stef sem vekja

mann,“ sagði Kremling í viðtali við dagblaðið Berliner Zeitung.

Nokkrir símarnir voru settir í gang af tónlistarfólkinu sjálfu á sviðinu, en aðstoðarfólk þurfti að hringja í nokkra þeirra bak sviðs á hárréttum augnablikum.

Hingað til hafa viðbrögð áhorfenda ekki verið góð og á einum tónleikum Kremlings í Bayreuth neyddist hann til að hætta í miðjum tónleikum vegna lítils áhuga.

Kremling kallar GSM-síma „fjöhlíða ásláttarhljóðfæri“ en seg-



### NYTT HLUTVERK

Svo virðist sem þýska tónskáldið Bernd Kremling hafi fengið hugmynd Tilraunaeldhússins að láni.

ir að hingað til hafi hann beðið áhorfendur um að slökkva á þeim fyrir tónleikana. Þegar sveit hans er beðin um aukánúmer hefur hann þó beðið fólk um að kveikja á símu sínum og leika með tónlistinni.

„Það er alltaf frekar fyndin upp-ákoma,“ segir hann. „Margir hafa ekki hugmynd um hvernig þeir eiga að láta símana sína hringja.“ ■

## Fréttir af fólki

**V**andræði Ben Affleck ætla engan enda að taka. Nú heldur fatafellen sem á að hafa átt vingott við hann á strippbúllu því fram að töluvert hafi gerst á milli þeirra, þrátt fyrir að hann neiti í sífellu. Stúlkan segist hafa fórnað vinnu sinni fyrir það að segja sannleikan en hún var rekin eftir að hafa selt National Enquirer sögu sína á 8 milljónir króna. Nú segist hún a.m.k. ætla að tryggja sér það að hún fái einhverjar bætur í atvinnuleysi sínu.



**C**eline Dion hefur ákveðið að hljóðrita næstu breiðskífu sína á móðurmáli sínu, frönsku. Það hefur hún ekki gert í fimm ár. Eins og flestir vita er hún frá frönskumælandi hluta Kanada og þráir hún núna að komast aftur í tengsl við rætur sínar. Platan heitir Une Fille Et 4 Types og kemur út í október. Þar flytur hún lög frönsku lagahöfundanna Erick Benzi, Jacques Veneruso og Gildas Arzel.



### QUARASHI

Er aðra vikuna í röð á topp FM957 listans en dottin út af topp 20 hjá X-inu 977.

## Vinsælustu löginn

TOPP 20 - ÍSLENSKI LISTINN FM957 - VÍKA 35

- 1 Quarashi  
**MESS IT UP**
- 2 Christina Aguilera  
**CAN'T HOLD US DOWN**
- 3 Land & Synir  
**Á 4 FÓTUM**
- 4 Beyoncé featuring Jay-Z  
**CRAZY IN LOVE**
- 5 Chingy  
**RIGHT THURR**
- 6 Mary J Blige  
**LOVE @ FIRST SIGHT**
- 7 Stereophonics  
**MAYBE TOMORROW**
- 8 Love Gúru  
**PARTÝ ÚT UM ALLT**
- 9 Justin Timberlake  
**SENIORITA**
- 10 Írafár  
**ALDREI MUN ÉG**

# Útsöluulok allt að 600% afsláttur

á öllum gerðum af raf- og heimilistækjum  
Hér eru 3 verðdæmi



Vinsæla Edesa þvottavélin er komin aftur

Edesa þvottavél 3L 63

500 sn. þvottavél 13 þvottakerfi tekur 5 kg. Sjálfstæður hitastillir, ullarvaggja o.m.fl. Verð aðeins stgr. kr.

**29.900.-**



Airona

Vinsælu Airona háfarnir eru komnir aftur á frábæru verði! Mikið úrval



Ódyra Vinsæla Edesa uppþvottavélin VE215

Frábær uppþvottavél, tekur 12 manna matar- og kaffistell. 5 þvottakerfi (sparnaðarkerfi) 2 hitastillingar o.m.fl. Verð aðeins stgr. kr.

**39.900.-**



Creda þurrkari TD11PE

5 kg. þurrkari m/barka sem fylgir með, tímastilltur með krumpuvörn, Verð áður kr. 28.900.- Verð aðeins stgr. kr.

**18.900.-**

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Gerðu betri kaup!

Síðustu forvöð að gera frábær kaup!

\*Miðast við að greitt sé með Visa- eða Euroaðgreiðslum